

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 502/1987, um sérstakan söluskatt.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af vinnu eða þjónustu sem aðilar er um ræðir í 4. gr. inna af hendi fyrir aðila, sem skattskyldur er samkvæmt sömu grein, ber ekki að innheimta sérstakan söluskatt enda endurselji sá síðarnefndi verðmæti vinnunnar eða þjónustunnar.

Skilyrði fyrir því að heimilt sé samkvæmt framansögðu að selja þjónustu eða vinnu sem um ræðir í 4. gr. án sérstaks söluskatts er að kaupandi hafi tilkynnt starfsemi sína samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 486/1982, um söluskatt, með síðari breytingum, og sýni heimildarskírteini frá skattstjóra um að honum sé heimilt að kaupa þjónustu af þessu tagi án sérstaks söluskatts.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 60/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 1/1987, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1988.

F.h.r.

Indriði H. Þorláksson.

Lárus Ögmundsson.